

BORGARRÁÐ 11. apríl 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frístundaheimili - MSS24040090

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fyrirkomulag sumarfrístundar hjá Reykjavíkurborg. Óskað er upplýsinga um skráningarfrest og hvort stuðningur fylgi börnum sem eru með greiningu m.a. vegna þroskafrávika eða annarra raskana. Einnig er óskað upplýsinga um hvort tekið er tillit til aðstæðna einstæðra foreldra við skráningu og hvort börnunum sé boðið er upp á máltíðir í sumarfrístundinni.

Greinargerð:

Borgarfulltrúar hafa fengið sent bréf frá áhyggjufullu foreldri. Áhyggjur foreldris lúta að óánægju með fyrirkomulag sumarfrístundar fyrir árgang barna fædd 2018 og eiga að byrja í grunnskóla í haust. Vonast er eftir skjótum svörum svo foreldrar þurfi ekki að búa við óvissu vegna sumarfrístundar barna sinna.